

|                            |                           |
|----------------------------|---------------------------|
| <b>Verkefni:</b>           | Stjórnarfundur Gígjunnar  |
| <b>Dagsetning fundar:</b>  | 21. júní 2015.            |
| <b>Tímasetning fundar:</b> | kl. 13:00 - 15:00         |
| <b>Fundarstaður:</b>       | Norræna húsið, Reykjavík. |

**Stjórnarmenn / fundarmenn:**

|                           |               |             |
|---------------------------|---------------|-------------|
| Þórhildur Kristjánsdóttir | formaður      | mætt        |
| Dagbjört Ottósdóttir      | varaformaður  | mætt        |
| Ragnheiður Helgadóttir    | ritari        | fjarverandi |
| Guðlaug Ásgeirsdóttir     | gjaldkeri     | mætt        |
| Anna Lilja Ottósdóttir    | meðstjórnandi | mætt        |
| Aðalheiður Gunnarsdóttir  | vefstjóri     | mætt        |

**Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:****1. Breyting á stjórn Gígjunnar.**

Ragnheiður Helgadóttir sendi skilaboð um að hún segði sig úr stjórn. AG var falið að hafa samband við varamenn í stjórn.

**2. Kvennakóratónleikar í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.**

Rætt hefur verið um að tónleikarnir verði haldnir í Eldborgarsal Hörpu og er verið að athuga með hvaða dagsetningar eru lausar þar. Það þarf að liggja fyrir sem allra fyrst hvort það gengur að fá Eldborgarsalinn og síðan að fá svör frá kórum hverjir vilji taka þátt. Þegar það er komið að húa saman kórstjórum. Þetta þarf að gerast mjög fljótt.

**3. Þjóðin sem valdi Vigdís – hátíðardagskrá til heiðurs Vigdís Finnbogadóttur.**

Fyrirhugaðir eru tónleikar þann 28. júní n.k. á Arnarhóli í tilefni þess að 35 ár eru síðan Vigdís Finnbogadóttir var valin forseti íslenska lýðveldisins fyrst kvenna í heiminum. Nokkrir kórar hafa tilkynnt komu sína á viðburðinn en það eru félagar úr Heklunum, Kvennakór Kópavogs, Kvennakór Garðabæjar, Jórúkórnum og Kvennakór Suðurnesja. Senda þarf póst á Kolbrúnu Halldórsdóttur viðburðarstjóra og láta hana vita. AG sendir ítrekunarpóst á stóra póstlistann.

**4. Norrænt kvennakórasamstarf – fundur í Stokkhólmi 30. maí 2015.**

DO og GÁ sóttu fund Nordiskt Damkörs Nätverk (NDN) sem haldinn var 30. maí sl. í Stokkhólmi í Svíþjóð og eru þær fulltrúar Gígjunnar í stjórn samtakanna. Þær fóru yfir það sem rætt var á fundinum en markmið hans var að blása lífi í samstarf norrænna kvennakóra.

Sótt var um styrk vegna ferðarinnar hjá Kulturkontakt Nord (Norrænu menningargáttinni) en umsókninni var hafnað. Rætt um að sækja um styrk hjá menntamálaráðuneyti og er GÁ falið að skoða það.

## **5. Kvennakórar utan Gígjunnar.**

Kvennakórinn Hrynjandi er nýlegur kór sem starfar innan söngskólans Domus Vox. Graduale Nobili er kór sem skipaður er ungum konum á aldrinum 18 – 27 ára sem sungið hafa með Gradualekór Langholtskirkju. Rætt um að hafa samband við þessa kóra og kynna Gígjuna fyrir þeim.

## **6. Hlutverk og ásýnd Gígjunnar.**

DO lagði til að sent verði bréf á alla kóra í haust til kynningar á Gígjunni. Gott væri að skipta kórnum á milli stjórnarkvenna til fylgja því bréfi eftir. Gígjan þarf að fara í naflaskoðun, hvað stöndum við fyrir? Hvað getur sambandið gert fyrir kórana? Einnig ræddar hugmyndir um landsmót, hentar tímasetningin eða þarf að endurskoða hana? Stjórnin er sammála um að halda áfram að dreifa mótunum um landið. Gisting fyrir stóra kóra þarf að vera til staðar á landsmótsstöðum. Rætt um ársgjaldið, þarf að hækka það? Ákveðið að DO búi til facebooksíðu fyrir Gígjuna. Einnig rætt um tölvupóstsamskiptin, æskilegt að formaður og gjaldkeri noti netfang Gígjunnar til að senda póst beint á kórana.

## **7. Samningur við Fjölís.**

Farið yfir stöðu mála varðandi Fjölís. ÞK er tengiliður Gígjunnar við Fjölís.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 15:00. Að loknum fundi var tekin mynd af stjórninni fyrir utan Norræna húsið.

Ritari fundargerðar: Guðlaug Ásgeirsdóttir.